



## Fundargerð

### Greiðsluráð

Nr. 1, þriðjudaginn 23. apríl 2019, kl. 14.35 í fundarherbergi 114 í Seðlabanka Íslands.

*Fundinn sátu eftirtaldir fulltrúar í greiðsluráði:*

Már Guðmundsson seðlabankastjóri, formaður  
Guðmundur Kári Kárason frá fjármála- og efnahagsráðuneyti  
Finnur Sveinbjörnsson frá Fjármálaeftirliti  
Breki Karlsson frá Neytendasamtökunum  
Tryggvi Axelsson frá Neytendastofu  
Ragnhildur Geirsdóttir frá Reiknistofu bankanna  
Örn Arnarson frá Samtökum fjármálafyrirtækja  
Ingvar Freyr Ingvarsson frá Samtökum verslunar og þjónustu,  
Konráð S. Guðjónsson frá Viðskiptaráði Íslands

*Einnig sátu fundinn eftirtaldir starfsmenn Seðlabanka Íslands:*

Rannveig Sigurðardóttir aðstoðarseðlabankastjóri  
Guðmundur Kr. Tómasson  
Ómar Þór Eyjólfsson  
Selma Hafliðadóttir  
Sigríður Dís Guðjónsdóttir

#### **1. Greiðsluráð – markmið, fyrirkomulag og framkvæmd**

Seðlabankastjóri vísaði til ákvörðunar sinnar frá 14. febrúar 2019 um stofnun greiðsluráðs. Hann kynnti hugmyndina að baki greiðsluráði og hvernig framkvæmd og fyrirkomulag starfsins væri fyrirhugað af hálfu Seðlabanka Íslands. Miklar breytingar væru framundan í greiðslumiðlun sem m.a. mætti rekja til lagabreytinga, markaðsþróunar og nýrrar tækni. Seðlabankastjóri benti á að sambærilegur samstarfsvettvangur væri til staðar erlendis. Ráðgert væri að fulltrúar greiðsluráðs ynnu úttektir eða samantektir um afmörkuð viðfangsefni og yrði fyrsta viðfangsefni ákveðið síðar á þessum fundi.

Seðlabankastjóri greindi frá því að af hálfu Seðlabankans annaðist Selma Hafliðadóttir, lögfræðingur, daglegt utanumhald greiðsluráðs í samstarfi við svið fjármálainnviða.

Fulltrúar þátttakenda lýstu allir yfir stuðningi við áform bankans um slíkan opin samstarfsvettvang um málefni smágreiðslumiðlunar og fögnuðu framtakinu.

Hvað varðar viðfangsefni sem greiðsluráð tæki til skoðunar lýsti fulltrúi Neytendasamtakanna því yfir að brýnt væri að kannað yrði hvernig unnt væri að stofna til ólögmatra krafna í innheimtukerfi bankakerfisins. Sammælt var um að skoða þetta sérstaklega á öðrum vettvangi. Óskaði seðlabankastjóri eftir nánari upplýsingum um framangreint og kvaðst setja málið í farveg.

## **2. Íslensk smágreiðslumiðlun – áhrifaþættir – nýr veruleiki**

Guðmundur Kr. Tómasson fór yfir stöðu íslenskrar smágreiðslumiðlunar: Áhrifaþætti og nýjan veruleika. Kynningin er aðgengileg á vefsvæði greiðsluráðs. Vék hann einnig að nýlegum ritum Seðlabanka Íslands *Smágreiðslumiðlun frá sjónarhóli viðbúnaðar og fjármálastöðugleika og Rafkrónu?* sem eru aðgengileg á heimasíðu bankans.

Upplýsingar um málefni greiðslumiðlunar er einnig að finna í fjármálainnviðaritum Seðlabankans sem einnig má nálgast á heimasíðu bankans.

Í framhaldi af kynningunni urðu nokkrar umræður um stöðu og þróun einstakra greiðslumiðla.

## **3. Tillögur um viðfangsefni til skoðunar og tímamörk**

Seðlabankastjóri lagði fram nokkrar tillögur um viðfangsefni sem greiðsluráð tæki til skoðunar á næstu mánuðum og verður gerð grein fyrir þeim á vefsvæði greiðsluráðs.

Tillögurnar voru ræddar. Fundarmenn voru sammála um mikilvægi þess að fá betri mynd af kostnaði við smágreiðslumiðlun. Seðlabankinn vinnur nú að kostnaðargreiningu sem m.a. getur nýst í þessu sambandi. Fulltrúar greiðsluráðs sammæltust um að velja fyrstu tillöguna sem lýtur að því að kanna hvernig unnt sé að stuðla að hagræðingu í greiðslumiðlun í þágu notenda, þ.e. neytenda og fyrirtækja.

Að fundinum loknum verður þátttakendum greiðsluráðs send ítarlegri afmörkun á viðfangsefninu og þeim gefinn kostur á að tilnefna fulltrúa í starfið.

## **4. Næsti fundur**

Ákveðið var að næsti fundur verði eftir um það bil sex mánuði. Ráðgert er að fyrir þann fund liggi fyrir starf vinnuhóps skv. dagskrárlið 3.

## **5. Önnur mál.**

Engin mál voru rædd undir þessum dagskrárlið.

Fundi var slitið kl. 15.50.

Selma Hafliðadóttir ritaði fundargerð.